

Sumarskóli Rjúpnahæðar

12.júní 2020

Vinirnir, (2,11 ára) og (2,8 ára) voru mjög duglegir að leika saman í dag á uppgötvunar- og útikennslusvæðinu í sumarskólanum. Um leið og þeir komu út fóru þeir á svæðið að sulla með vatn og drullumalla. Þeir fundu sér pensla og notuðu svo vatn fyrir málningu. Þeir náðu sér í flát til þess að hafa vatn í og hjálpuðust síðan að við að mála vegg útikennslukofans. Þeim fannst best að fá að vera í friði í sínum leik enda gengu samskiptin þeirra á milli mjög vel, mikil vinátta þar á ferð.

